

# SKIPIÐ YFIRGEFIÐ


## Hvernig nota skal gúmmíbjörgunarbáta



1 Fangalínan skal vera tryggilega föst um borð. Losið hylkið úr festingum og kastið því fyrir borð. Dragið alla fangalínuna út, kippið síðan snögg og ákveðið í línuna svo báturinn blásist upp. Þar sem losunar- og sjósetningarbúnaður er fyrir hendi er tekið í handfang til að sjósetja gúmmíbjörgunarbátinn.




2 Dragið bátinn að skipshlið (hliðarstiga ef skipið er borðhátt) og klifrið um borð. Stökkvið einungis í neyð. Munið að taka neyðarflugelda, blys og fjarskiptabúnað með um borð í gúmmíbjörgunarbátinn.




3 Stigi er við inngangssop bátsins. Aðstoðið hvern annan við að komast um borð. Bjargið nauðstöddum úr sjónum t.d. með því að nota kasthringinn í bátinum. Munið að gangsetja neyðarsendinn og setja í vasann sem honum er ætlaður.



4 Dragið eins mikið af fangalínunni til ykkar og þið getið og skerðið á hana með hníf sem er við opið á bátinum. Tveir hnífar eru í bátinum. Til einangrunar þarf að blása upp botn og þak bátsins.



5 Setjið út rekakkeri ef það hefur ekki þegar farið sjálfkrafa út. Fylgist með því að það virki rétt. Vararekakkeri er í búnaðarpoka bátsins. Flugeldar og handblys eru í bátinum. Notið þau einungis ef einhver von er um björgun og haldið þeim vel frá bátinum svo ekki hljótist skaði af notkun þeirra. Lesið leiðbeiningar.



6 Ef báturinn blæs upp á hvolfi, eða hann fer á hvolf, þá er hægt að rétta hann við með því að snúa honum þannig að vindurinn blási undir bátinn, stiga á þrýstiflöskuna á botni bátsins, gripa í réttigjörðina og halla sér aftur á bak með beinar hendur og fætur.

**Lesið handbókina. Matvæli, vatn, hjúkrunargögn og fleira er í pakkanum í gúmmíbjörgunarbátinum.**



SIGLINGASTOFNUN

# SKIPIÐ YFIRGEFIÐ


## Hvernig nota skal gúmmíbjörgunarbáta



1 Fangalínan skal vera tryggilega föst um borð. Losið hylkið úr festingum og kastið því fyrir borð. Dragið alla fangalínuna út, kippið síðan snögg og ákveðið í línuna svo báturinn blásist upp. Þar sem losunar- og sjósetningarbúnaður er fyrir hendi er tekið í handfang til að sjósetja gúmmíbjörgunarbátinn.




2 Dragið bátinn að skipshlið (hliðarstiga ef skipið er borðhátt) og klifrið um borð. Stökkvið einungis í neyð. Munið að taka neyðarflugelda, blys og fjarskiptabúnað með um borð í gúmmíbjörgunarbátinn.




3 Stigi er við inngangssop bátsins. Aðstoðið hvern annan við að komast um borð. Bjargið nauðstöddum úr sjónum t.d. með því að nota kasthringinn í bátinum. Munið að gangsetja neyðarsendinn og setja í vasann sem honum er ætlaður.



4 Dragið eins mikið af fangalínunni til ykkar og þið getið og skerðið á hana með hníf sem er við opið á bátinum. Tveir hnífar eru í bátinum. Til einangrunar þarf að blása upp botn og þak bátsins.



5 Setjið út rekakkeri ef það hefur ekki þegar farið sjálfkrafa út. Fylgist með því að það virki rétt. Vararekakkeri er í búnaðarpoka bátsins. Flugeldar og handblys eru í bátinum. Notið þau einungis ef einhver von er um björgun og haldið þeim vel frá bátinum svo ekki hljótist skaði af notkun þeirra. Lesið leiðbeiningar.



6 Ef báturinn blæs upp á hvolfi, eða hann fer á hvolf, þá er hægt að rétta hann við með því að snúa honum þannig að vindurinn blási undir bátinn, stiga á þrýstiflöskuna á botni bátsins, gripa í réttigjörðina og halla sér aftur á bak með beinar hendur og fætur.

**Lesið handbókina. Matvæli, vatn, hjúkrunargögn og fleira er í pakkanum í gúmmíbjörgunarbátinum.**



SIGLINGASTOFNUN